

Bergrisinn bs.

Ársreikningur 2024

*Bergrisinn bs.
Kennitala 570915-0290
Austurvegi 2, 800 Selfoss*

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 12

*Bergrisinn bs.
Kennitala 570915-0290
Austurvegi 2, 800 Selfoss*

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi Bergrisans bs.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögum, í samræmi við lög nr. 38/2018 með síðari breytingum, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hagnaður Bergrisans var 637 millj. króna á árinu 2024 til samanburðar við 282 millj. króna árið áður. Eigið fé í árslok 2024 var 921 millj. króna í samanburði við 284 millj. króna árið áður. Heildar eignir í árslok 2024 voru 1.845 millj. króna í árslok 2024

Það er álit stjórnar Bergrisans bs. að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Bergrisans bs. í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun Bergrisans bs., komi fram í ársreikningnum.

Á árinu störfuðu 3 starfsmenn í 2 stöðugildum.

Byggðasamlagið starfar í samræmi við lög um sveitafélög og er eignahlutur hver og eins skilgreindur í samræmi við íbúafjölda þann 1. janúar ár hvert, vísað er í skýringu 15 um nánari sundurliðun og hlutföll.

Framtíðaráform

Á árinu 2024 var unnið að því að efla sjálfstæði Bergrisans enn frekar og mun það halda áfram á árinu 2025. Á árinu 2025 og áfram verður jafnframt haldið áfram að auka við þjónustu á Suðurlandi og styttu biðlista og því ljóst að kostnaður mun halda áfram að aukast næstu árin.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu félagsins á reikningsskiladegi.

Stjórn Bergrisans bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður rafrænt og eru undirritanir stjórnar aftast í ársreikningnum.

Selfossi, 5. maí 2025

Bragi Bjarnason
stjórnarformaður

Ása Valdís Árnadóttir
meðstjórnandi

Eggert Valur Guðmundsson
meðstjórnandi

Elliði Vignisson
meðstjórnandi

Sandra Sigurðardóttir
meðstjórnandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bergisans bs.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bergisans bs. fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
- Rekstrarreikning ársins 2024.
- Efnahagsreikning 31. desember 2024.
- Sjóðstreymi ársins 2024.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð samlaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samlagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samlagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum samlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samlagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi þess. Stjórnendum samlagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samlagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samlagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 5. maí 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Jón H. Sigurðsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýringar	2024	Áætlun	2023
Rekstrartekjur				
Framlög Jöfnunarsjóðs		3.634.899.593	2.610.000.000	2.712.222.677
Framlög aðildarsveitarfélaga	3	400.986.000	349.848.000	357.504.000
Aðrar tekjur		39.484.966	0	0
		<u>4.075.370.559</u>	<u>2.959.848.000</u>	<u>3.069.726.677</u>
Rekstrargjöld				
Búseta, vinna og virkni - sveitarfélög	4	1.217.481.207	1.341.477.923	1.048.028.154
Búseta, vinna og virkni - þjónustusamningar	4	1.283.337.206	1.118.032.762	1.082.030.679
Notendasamningar og stoðþjónusta	5	922.354.590	411.832.690	602.746.879
Laun, launatengd gjöld og umsýsla	6	45.985.764	52.600.000	34.774.578
Annar rekstrarkostnaður		18.302.047	2.500.000	27.817.821
		<u>3.487.460.814</u>	<u>2.926.443.375</u>	<u>2.795.398.111</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði				
		587.909.745	33.404.625	274.328.566
Afskriftir	9	(972.642)	0	(1.595.642)
Afkoma fyrir fjármagnsliði				
		586.937.103	33.404.625	272.732.924
Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur	7	64.373.251	0	12.349.828
Fjármagnstekjuskattur		(14.162.115)	0	(3.191.278)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(11.895)	0	134.764
		<u>50.199.241</u>	<u>0</u>	<u>9.293.314</u>
Afkoma ársins				
		<u>637.136.344</u>	<u>33.404.625</u>	<u>282.026.238</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýringar	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Fasteign		42.796.248	43.768.890
Bifreið		623.000	623.000
		<u>43.419.248</u>	<u>44.391.890</u>
Áhættufjármunir:			
Skuldabréf	10	18.535.117	18.397.138
Fastafjármunir samtals		61.954.365	62.789.028
Veltufjármunir			
Krafa á Jöfnunarsjóð		375.717.387	396.804.565
Skammtímaskuldir	11	94.490.903	203.175.850
Aðrar kröfur (endurkræfur vsk)		13.372.416	10.164.213
Handbært fé	12	<u>1.299.651.641</u>	<u>301.930.632</u>
		1.783.232.347	912.075.260
Eignir samtals		<u>1.845.186.712</u>	<u>974.864.288</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	13	921.051.254	283.914.910
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	14	915.955.456	690.949.378
Aðrar skammtímaskuldir		8.180.002	0
		<u>924.135.458</u>	<u>690.949.378</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.845.186.712</u>	<u>974.864.288</u>
Aðrar upplýsingar	1, 2, 8, 15		

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		637.136.344	282.026.238
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	972.642	1.595.642
Áfallnar óinnheimtir vextir	10	(137.979)	(136.932)
		<u>637.971.007</u>	<u>283.484.948</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:			
(Hækkun) lækkun skammtímakrafna		126.563.922	(177.366.239)
(Lækkun) hækkun skammtímaskulda		<u>233.186.080</u>	<u>(75.407.145)</u>
		359.750.002	(252.773.384)
Handbært fé frá rekstri		997.721.009	30.711.564
Hækkun á handbæru fé		997.721.009	30.711.564
		<u>301.930.632</u>	<u>271.219.068</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>1.299.651.641</u></u>	<u><u>301.930.632</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 38/2018 með síðari breytingum, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Upplýsingar um aðildarsveitarfélög og eignarhlut hvers sveitarfélags er að finna í skýringu 14.

Bergrisinn bs er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlaun tekna

Tekjur í rekstrarreikningi eru færðar á grundvelli þjónustusamninga við aðildarsveitarfélög og framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Aðrar tekjur samanstanda af styrkjum og sérstökum framlögum. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig:	2024	2023
Sveitarfélagið Árborg.....	173.447.000	154.488.000
Bláskógabyggð.....	19.078.000	16.512.000
Flóahreppur.....	9.955.000	8.664.000
Grímsnes- og Grafningshreppur.....	8.180.000	7.464.000
Hrunamannahreppur.....	12.528.000	10.872.000
Hveragerðisbær.....	46.179.000	42.264.000
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....	8.573.000	7.632.000
Sveitarfélagið Ölfus.....	38.733.000	34.728.000
Ásahreppur.....	3.978.000	3.552.000
Mýrdalshreppur.....	15.418.000	13.176.000
Rangárþing eystra.....	28.796.000	25.872.000
Rangárþing ytra.....	27.295.000	24.408.000
Skaftárhreppur.....	8.826.000	7.872.000
	<u>400.986.000</u>	<u>357.504.000</u>

Skýringar

4. Rekstrarframlög

Framlög til búsetu, vinnu og virkni greinast þannig:	2024	2023
Árborg, Vallholt 9	160.235.003	147.482.868
Árborg, Vallholt 12-14	163.245.479	136.480.151
Árborg, Vallholt 27	97.856.521	135.068.103
Árborg, Álftarimi 2	129.434.317	110.301.487
Árborg, VISS	109.812.174	113.134.873
Árborg, Nauthagi 2	123.438.086	0
Árborg, Kópurinn	33.725.248	27.080.063
Flúðir, VISS	18.597.210	16.369.972
Hveragerði, Birkimörk	176.575.618	159.871.628
Hvolsvöllur, VISS	24.881.657	16.787.389
Ölfus, Selvogsbraut	150.759.037	160.672.405
Ölfus, VISS	28.920.857	24.779.215
Sólheimar	830.172.000	764.727.749
Skaftholt	128.695.266	134.198.004
Klettabær	132.962.972	153.950.202
Embla-Andrastaðir	83.880.000	20.970.000
Aðrir þjónustusamningar	107.626.968	8.184.724
	<u>2.500.818.413</u>	<u>2.130.058.833</u>
Þar af sem hluti af framlögum sveitafélaga	1.217.481.207	1.048.028.154
Þar af sem hluti af þjónustusamningum	<u>1.283.337.206</u>	<u>1.082.030.679</u>
	2.500.818.413	2.130.058.833

5. Notendasamningar og stoðþjónusta

Framlög til notendasamninga og stoðþjónustu greinast þannig:	2024	2023
NPA og beingreiðslusamningar	410.612.475	339.240.430
Stuðningsfjölskyldur	41.327.821	35.715.051
Önnur sértæk þjónusta við börn	444.585.000	227.791.398
Einstaklingsstuðningur	25.829.294	0
	<u>922.354.590</u>	<u>602.746.879</u>

6. Laun, launatengd gjöld og umsýsla

Laun, launatengd gjöld og umsýsla ársins sundurliðast þannig:	2024	2023
Umsýslusamningur	14.620.978	34.774.578
Laun	24.388.661	0
Laun stjórnar	251.763	0
Bifreiðastyrkir	802.628	0
Lífeyrissjóðsgjöld	5.038.641	0
Önnur launatengd gjöld	883.093	0
	<u>45.985.764</u>	<u>34.774.578</u>

Á árinu störfuðu 3 starfsmenn í 2 stöðugildum.

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar við móttöku greiðslu. Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og annarra krafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Bygðasamlagið er undanþegið tekjuskatti og er greiddur fjármagnstekjuskattur því gjaldfærður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

8. Tekjuskattur

Starfsemi byggðasamlagsins fellur undir 4. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 og er samlagið ekki tekjuskattsskylt.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreið	Samtals
Árið 2023:			
Heildarverð í upphafi árs.....	48.632.100	6.230.000	54.862.100
Afskrifað í upphafi árs.....	3.890.568	4.984.000	8.874.568
Afskrifað á árinu.....	972.642	623.000	1.595.642
Afskrifað í lok árs.....	4.863.210	5.607.000	10.470.210
Bókfært verð í lok árs.....	43.768.890	623.000	44.391.890
Árið 2024:			
Heildarverð í upphafi árs.....	48.632.100	6.230.000	54.862.100
Afskrifað í upphafi árs.....	4.863.210	5.607.000	10.470.210
Afskrifað á árinu.....	972.642	0	972.642
Afskrifað í lok árs.....	5.835.852	5.607.000	11.442.852
Bókfært verð í lok árs.....	42.796.248	623.000	43.419.248

Fasteignamat fasteignar samlagsins nemur 82 m.kr. og váttryggingaverðmæti nemur 82,4 m.kr.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteign	50 ár
Bifreið	5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

10. Skuldabréf

Skuldabréf vegna láns Bergrisa bs. til Sólheima er óverðtryggt og ber 0,75% vexti. Gjalddagi er einn þann 29. janúar 2031. Vextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar og verða innheimtir á gjalddaga skuldabréfsins.

	2024	2023
Staða 1.1.	18.397.138	18.260.206
Áfallnir vextir	137.979	136.932
Staða 31.12.	18.535.117	18.397.138

11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði og sundurliðast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Sveitarfélagið Árborg	30.285.730	32.001.055
Hveragerðisbær	5.743.000	2.688.001
Sveitarfélagið Ölfus	2.685.000	2.784.000
Bláskógabyggð	1.846.000	1.752.000
Hrunamannahreppur	1.176.000	552.000
Rangárþing ytra	1.471.000	1.584.000
Ásahreppur	282.000	24.000
Mýrdalshreppur	1.762.000	1.704.000
Rangárþing eystra	1.484.000	1.704.000
Skaftárhreppur	5.519.722	9.665.912
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	605.000	528.000
Grímsnes- og Grafningshreppur	476.000	504.000
Flóahreppur	859.000	312.000
Arnardrangur hses	3.244.787	143.303.191
Ríkissjóður Íslands	12.423.504	0
Reykjavíkurborg	24.628.160	0
Klettabær ehf	0	4.011.192
Bjarni Tómasson	0	58.499
	94.490.903	203.175.850

12. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnistæðum.

13. Eigið fé

Yfirlit um breytingu eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Staða 1/1.....	283.914.910
Afkoma ársins.....	637.136.344
Staða 31/12.....	921.051.254

Skýringar

14. Viðskiptaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði og greinast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Sveitarfélagið Árborg.....	429.312.282	344.374.575
Bláskógabyggð	0	6.406.857
Flóahreppur	11.000.000	14.032.090
Grímsnes- og Grafningshreppur	0	2.248.152
Hrunamannahreppur	2.812.210	6.481.975
Hveragerðisbær	181.646.435	37.819.248
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	10.214.000	3.084.678
Sveitarfélagið Ölfus	56.174.441	34.214.660
Ásahreppur	0	1.288.665
Mýrdalshreppur	17.894.000	20.401.484
Rangárþing eystra	10.345.657	11.604.788
Rangárþing ytra	45.329.032	14.547.044
Skaftárhreppur	0	2.878.544
HLH ehf	0	697.500
Sólheimar	0	45.000.000
Ylfa ehf	2.591.000	0
Lögmenn Suðurlandi ehf	0	1.034.485
Fræðslunetið - símenntun ses	210.265	0
Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	0	2.674.775
Intellecta ehf	0	131.316
PricewaterhouseCoopers ehf	519.839	0
Opin Kerfi hf	106.454	0
Klettabær ehf	3.871.605	0
EAP ráðgjöf slf	1.772.459	0
Aðrir	127.235	0
Óútdeildur rekstrarafgangur	142.028.542	142.028.542
	915.955.456	690.949.378

15. Aðrar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Eignarhlutur aðildarsveitarfélaga greinist þannig:	1.janúar 2024	1.janúar 2023
Sveitarfélagið Árborg.....	41,9%	42,6%
Bláskógabyggð	5,0%	4,7%
Flóahreppur	2,6%	2,7%
Grímsnes- og Grafningshreppur	2,0%	1,9%
Hrunamannahreppur	3,2%	3,3%
Hveragerðisbær	11,8%	12,1%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	2,1%	2,2%
Sveitarfélagið Ölfus	9,8%	9,5%
Ásahreppur	1,2%	1,0%
Mýrdalshreppur	3,5%	3,1%
Rangárþing eystra	7,5%	7,5%
Rangárþing ytra	6,9%	7,0%
Skaftárhreppur	2,5%	2,3%
	100,0%	100,0%

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Bragi Bjarnason

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Ása Valdís Árnadóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Löggiltur endurskoðandi
Jón Hreiðar Sigurðsson